


Stíflum á Þjorsársvæðinu ekki talin stafa ógn af hamfarahlaupum

Vísir Innlent 14. júlí 2011 20:15



Búrfellsvirkjun.

Horfa á myndskleið með frétt

Hlaupið úr Vatnajökli var um þriðjungur þess sem stíflumannvirki Landsvirkjunar eru hönnuð til að standast án skemmda. Risastór hamfarafloð eru talin ólíkleg á virkjanasvæðunum.

Hér sjáum við yfir Hágöngulón og farveg Sveðju sem hlaupið fór um ofan af jöklinum. Mikinn óþef lagði frá hlaupvatninu, að sögn Sigurðar Páls Ásólfssonar, sem fór þarna um í gær og sendi okkur ljósmyndir frá yfirfalli Hágöngulóns og farvegi

Köldukvíslar fyrir neðan en þar höfðu leiðigarðar sópast burt. Vatnsflaumurinn lagðist svo upp að syðri Hágöngu.

Rennslismæling sýnir að hlaupið náði hámarki á fáum klukkustundum. Oddur Sigurðsson, jarðfræðingur á Veðurstofunni, segir að flóðbylgjan hafi verið mjög sérkennileg og þetta hafi verið mjög snögg hlaup.

Það olli hins vegar tiltölulega litlum skaða þótt það hafi verið stærra en það sem um síðustu helgi sópaði burtu brúnni yfir Múlakvísl.

Þrjú miðlunarlón, þar á meðal Þórisvatn, nánast gleypu hlaupið. Ólöf Rós Káradóttir straumfræðingur segir að þau hafi dempað flóðið. Meira rennsli hefði orðið neðar ef lónin hefðu ekki verið til staðar.

Þar fyrir neðan er röð virkjana; Vatnsfell, Sigalda, Hrauneyjafoss, Sultartangi og Búrfell. Þetta er í fyrsta sinn sem virkjanir Íslendinga mæta slíkri ógn. Við fengum þrjá sérfræðinga á verkfræðistofunni Verkís til að segja okkur hvort þær geti verið í hættu.

Pálmi R. Pálmason stífluhönnuður segir að hlaupið nú sé býsna langt frá þeim hönnunarforsendum sem settar voru þegar mannvirki Hágöngumiðlunar voru hönnuð. Ólöf Rós segir að stærð flóðsins hafi verið um það bil þriðjungur þess sem stíflur standast með fullu öryggi. Þótt flóðin verði stærri þoli stíflurnar þau með takmörkuðum og stjórnuðum skemmdum.

En hvað ef það kæmi stórgos undir jökli? Gæti hamfarahlaup eyðilaggt allar virkjanirnar í einu?

Kristín Martha Hákonardóttir straumfræðingur segir það mjög ólíklegt þar sem ekki sé nægur ís til að bræða, sem gæti runnið í þessar ár. Til þess að risastórt hamfarahlaup geti orðið, eins og geti gerst í Jökulsá á Fjöllum úr Bárðabungu, þurfi askja að vera í jöklinum sem í geti safnast vatn. Slíkar aðstæður séu hins vegar ekki á vatnasviði Þjorsár og Tungnaár. Þar sé Vatnajökull tiltölulega þunnur og verði eldgos þar undir muni atburðarásin verða líkari því sem gerðist í Eyjafjallajökli.

Þegar Pálmi er spurður hvort hættu sé á því að heilu stíflurnar gæti brostið og þannig valdið enn hrikalegri flóðbylgju svarar hann að stíflurnar séu hannaðar til að slíkt gerist ekki. "Ég held að mér sé óhætt að segja að það gerist ekki."



**ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT
Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI**

Meiri Vísir.



Þú ert hér: [Forsíða](#) / [Fréttir](#) / [Innlent](#) / Stíflum á Þjórsársvæðinu ekki talin stafa ógn af hamfarahlaupum